

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Fornleifaskráning




Deiliskráning í landi Hafnarness

Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

2019



Hafnarnes

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Hafnarnes	4
Fornleifaskráning.....	6
Lokaorð	11
Heimildir:.....	11

* Mynd á forsíðu: Hafnarnes 1930-1940 séð frá Hornafirði. Ljósmynd í vörslu Héraðsskjalasafns A-Skaftafellssýslu (HérA-Skaft 1991-15-25)

Inngangur

Hafnarnes (landnr. 159558) er ein af jörðum í fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði og var metin með betri jörðum hreppsins og mikil hlunnindajörð.¹ Hafnarnes á langa búsetusögu, a.m.k. aftur til 14. aldar en fyrsti skráði eigandi að jörðinni var Teitur ríki Gunnlaugsson í Bjarnanesi.² Lengstum var tvíbýli í Hafnarnesi. Bæjarstæðið var áður suðaustan við Hafnarneshólinn (Gamlibær) en 1885 var bærinn fluttur og endurbyggður á Línnesi rétt vestar í landinu.^{3,4} Við stofnun verslunarstaðar á Höfn í lok 19. aldar urðu kaflaskil í búsögu Hafnarness. Árið 1928 var jörðinni skipt og fékk kaптúnið 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu og 1965 eignaðist Hafnarhreppur alla jörðina.⁵ Frá 1997 hefur sveitarfélagi haft full yfirráð yfir landi Hafnarness og búskap á jörðinni þar með hætt. Í dag er rekin ferðaþjónusta í Hafnarnesi.

Samkvæmt nýrri deiliskipulagstillögu á að stækka núverandi lóð og fyrirhugaðar eru nýbyggingar á bæjarhlaðinu og breytingar á núverandi íbúðarhúsi (sjá mynd 1). Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var gerð úttekt á skipulagsreitnum eins og lög um menningarminjar kveða á um.⁶ Farið var á vettvang 6. desember 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Staðsetningu Hafnarness varpað á Íslandskort. Skjaskot af skipulagstillögu fyrir Hafnarnes. Sótt 6. 12.2019 á www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal



¹ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 153-154

² Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls.93

³ Örnefnaskrá fyrir Hafnarnes – 1

⁴ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 156

⁵ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Tilgangur fornleifaskráningar er verndun menningarminja í eigin umhverfi.⁷

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

⁷ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ). Skráningarformið er á þessa veginu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hafnarnes

Hafnarnes er ein af jörðum í fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði og var metin með betri jörðum hreppsins og mikil hlunnindajörð, m.a. æðarvarp, silungs- og lúruveiði ásamt selveiði.⁸

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir elstu heimildir um jörðina Hafnarnes vera frá 14. öld, þá í eigu einstaklinga sem bjuggu ekki á jörðinni.⁹ Á 16. öld er Hafnarnes í eigu Teits ríka Gunnlaugssonar í Bjarnanesi en seld til Skálholtsbiskups eftir siðaskiptin.¹⁰ Seint á 18. öld er jörðin í konungseign og verður þjóðjörð 1874.¹¹ Ábúendur urðu þar með leiguliðar og greiddu landskuld til landeiganda fyrir ábúðarrétti.¹² Við stofnun verslunar á Höfn í lok 19. aldar urðu kaflaskil í búsögu Hafnarness. Sumarið 1897 var verslunarstaðurinn á Papósi í Lóni fluttur til Hafnar við Hornafjarðarós og myndun kaптúnsins hófst. Kaптúnið óx hratt og í kjölfar þess þrengdi að landi Hafnarnesjarðar. Árið 1928 var jörðinni skipt og fékk kaптúnið 2/3 hluta lands Hafnarness undir sína lögsögu og 1965 eignaðist Hafnarhreppur sem þá hafði verið stofnaður alla jörðina.¹³ Frá 1997 hefur sveitarfélagið haft full yfirráð yfir landi Hafnarness og búskap á jörðinni þar með hætt.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1708-9 segir um Hafnarnes: „Hafnarnes. Dómkirkju jörð. xij hdr. Landsk. 1 hdr. Kúg. 3. Kvaðir eru hestlán, skipsáróður, dagsláttur. Einar kvaðir af öllum þar búendum. Reka von lítill innan fjarðar við sjálfrar hennar land. Skógar ítak á jörðin í Dals landi, þar sem heitir Hafnarnesskógur. Skógur, hagbeit geldnautum á vetur í Dilknesslandi og skógarhögg á 5 hesta í Dilkness skógi.“¹⁴ Árið 1753 var landverðið 12 hundruð, landskuldin 1 hundruð og kúgildin 2 og 2 ábúendur.¹⁵ Árið 1847 var jarðadýrleiki óbreyttur en þar segir þó að í *Stólsjarðabókinni* sé jörðin sögð 25 hundruð að dýrleika.¹⁶ Árið 1861 var ný jarðatala Hafnarness 18,1 hundruð.¹⁷

Í Byggðasögunni segir einnig: „Land jarðarinnar er mjög vogskorið með mörgum nesjum og töngum. Yzt er Langhólanes í landinu fyrir sunnan Stekkakeldu, en Stekkanes og Línnes fyrir norðan hana. Allt land jarðarinnar er samfelld, þó slitnar það nærri sundur við Stekkakeldu. Meginhluti landsins er þar suður af. Það er mjög gott til ræktunar.“¹⁸

Bærinn í Hafnarnesi stóð áður fyrr suðaustan í lágum hól, Gamlibær (Hafnarneshól), austan Línnes (sjá mynd 2).¹⁹ Ekki er vitað annað en bærinn hafi staðið þar frá byrjun búsetu og fram til 1885. Það ár var bærinn fluttur vestur á Línnesið og reistur suður undir Línnesihól.²⁰ Líkleg ástæða fyrir fluttningi bæjarins er landsig á 19. öld, en

⁸ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 155

⁹ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 158

¹⁰ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls.93

¹¹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

¹² Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

¹³ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

¹⁴ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 19-20

¹⁵ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 155

¹⁶ J.Johnsen, 1847, bls. 2

¹⁷ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 4

¹⁸ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 153


¹⁹ Örnefnaskrá fyrir Hafnarnes – 1

²⁰ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 156

gamli bærinn stóð neðarlega í hólnum rétt upp af mýrlendi.²¹ Engar lýsingar eru til af gamla bænum. Samkvæmt munnmælum var fyrrum bænhús í Hafnarnesi en engar heimildir um hvar það stóð fyrir utan hringlaga tóft sem kölluð var bænhústóft.²² Fjalir fundust í jörðu við framkvæmdir við hólinn en sléttað hefur verið yfir allar minjar og ummerki um búsetuna á gamla bæjarstæðinu svo til horfin.²³



Mynd 2. Hluti loftmyndar úr Hornafirði er sýnir örnefni í landi Hafnarness. Heimildamaður: Jón Ófeigsson, Hafnarnesi, Höfn. Unnið af: Sigurgeir Skúlason landfræðingi. Mynd varðveitt á Héraðskjalasafni A-Skaftafellssýslu.



Mynd 3. Túnakort af heimaltúnum Hafnarness, teiknað af Halldóri Einarssyni í Hólmi 1916-1918. Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands.

²¹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 49

²² Örnefnaskrá, Hafnarnes-1

²³ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 156



Mynd 4. Myndkort með skráðum minjastöðum á bæjarstæði Hafnarness í desember 2019. Úttektarsvæðið í þessari skráningu er stærra en skilgreindur deiliskipulagsreitur. ©Loftmyndir ehf.

Fornleifaskráning

Samtals voru 7 minjastaðir skráðir í þessari úttekt (sjá mynd 4). Skráningin fékk verkefnanúmerið 2081 hjá Minjastofnun Íslands og er því stofn í auðkennisnúmeri hverrar skráningar.

Auðkennisnúmer: 2081:001 - Hafnarnes

Í Byggðasögu Hafnarhrepps um Hafnarnes segir: „Árið 1885 var gamli bærinn rifinn, fluttur og endurbyggður á hæð nokkru vestar, framan í hól sem er á Línnesi áður nefndu, þar sem hann stendur nú. ... Hinn endurbyggði bær var tvö þverhús í tóft á þrjá vegu með járnþaki. Þau voru portbyggð. Renna var á milli, og munu þau ekki hafa verið byggð samtímis. Stofa og eldhús voru á aðalhæð í syðra húsinu, en fjós undir palli í því nyrðra. Járnskúr var vestan við þessi hús. Ófeigur Jónsson byggði einnar hæðar íbúðarhús úr timbri og járni árið 1926 [rétt ártal er 1917] austan við nefnd þverhús. Það var rífið 1965. Árið 1927 var öll þessi bygging rifin, nema hús Ófeigs, og endurbyggð á sama stað, tveggja hæða timburhús á steiptum grunni.“²⁴ Timburhúsið var rífið eftir 1970. Núverandi íbúðarhús, steinsteypt tveggja hæða hús var byggt 1962 og stendur það örskammt austan við eldra bæjarstæðið.²⁵ Það er eina byggingin sem skráð er á lóð Hafnarness í dag.

²⁴ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 157

²⁵ Þjóðskrá Íslands, fasteignaskrá, 2019

Staðsetning: A 683665.717 – N 425111.829

Sérheiti: Hafnarnes

Tegund: heimild

Hlutverk: bæjarstæði

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1980

Friðlýst: Nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Eins og ofar greinir voru fyrstu húsín sem stóðu á nýja bæjarhlaðinu tvö þverhús í tóft á þrjá vegu með járnþaki. Þau voru portbyggð og renna var á milli. Stofa og eldhús voru á



Mynd 5. Bæjarstæðið í Hafnarnesi um 1940. Timburhúsin voru áföst hvort öðru, Ófeigshús til hægri byggt 1917 en tveggja hæða húsið reist 1927 þar sem þverhúsin stóðu. Ljósmyndin er varðveitt í Héraðskjalasafni A-Skaftafellssýslu (HéA-Skaft 1991-15-68).

aðalhæð í syðra húsinu, en fjós undir palli í því nyrðra. Járnskúr var vestan við þessi hús.²⁶ Næsta byggða hús er Ófeigshús reist 1917, um 30 m² hús á grjóthlöðnum kjallara og stóð austan rennuhúsanna (sjá mynd 5).²⁷ Í húsinu voru stofa, eldhús og tvö svefnherbergi. Árið 1926 voru rennuhúsin rifin og tveggja hæða timburhús reist á sama stað.²⁸ Húsið var 40 m² að grunnfleti á steiptum grunni.²⁹ Það mun hafa verið reist áfast við Ófeigshúsið (sjá mynd 5). Á þaki tvílyfta timburhússins var vindrafsstöð til ljósanotkunar.³⁰ Bæði timburhúsin viku fyrir seinni tíma byggingu á árunum 1965 og fram á áttunda áratuginn (sjá mynd 11). Ekkert sést til minja á staðnum sem hefur verið tekið undir bílaplan.

²⁶ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157

²⁷ Arnþór Gunnarsson, 1997 bls. 55

²⁸ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157

²⁹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 56

³⁰ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 54

Auðkennisnúmer: 2081:002

Staðsetning: A 683666.590 – N 425100.888

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: sáðgarður

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Á túnakorti af heimatúnum Hafnarness frá 1918 er sáðgarður suður og vestur af bæjarhúsunum (sjá mynd 3).³¹ Nú er svæðið að mestu undir bílaplani og ekkert sést til minja á staðnum (mynd 6).



Mynd 6. Bæjarhlað Hafnarness í desember 2019. Ljós. SGB, des. 2019.

Auðkennisnúmer: 2081:003

Staðsetning: A 683650.497 – N 425118.900

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: útihús

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Á túnakorti frá 1918 af heimatúnum Hafnarness er teiknað inn fénaðarhús sunnan undir Línnesból, rétt vestan við bæjarhúsin (sjá myndir 3 og 7).³² Ekkert sést til minja á staðnum.



Mynd 7. Sunnan í Línnesból stóð útihús en ekki sjást ummerki um það í dag. Ljós. SGB, des. 2019.

³¹ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Hafnarnes 1918

³² Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Hafnarnes 1918

Auðkennisnúmer: 2081:004

Staðsetning: A 683660.677 – N 425227.373

Sérheiti: Línnesdý

Tegund: heimild

Hlutverk: vatnsból

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1932

Friðlýst: Nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Í Byggðasögu segir að eftir að bærinn var fluttur í Línnesið var vatn tekið úr tveimur dýum vestan og norðan við bæjarhólinn.³³

Annað þeirra var í Lindarlá norðan

við Línnesihól (sjá myndir 3,4 og 8) og var neysluvatn tekið þaðan fram til 1932 þegar nýr brunnur sunnan við bæinn var tekinn í notkun. Ekki sést til minja á staðnum.



Mynd 8. Línnesdý var í Lindarlá norðan Línnesihóls, hér horft til norðurs að Lindarlá. Ljósm. SGB, dest. 2019.

Auðkennisnúmer: 2081:005

Staðsetning: A 683687.828 – N 425079.363

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: útihús

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Samkvæmt túnakorti af heimatúnum Hafnarness frá 1918 er teiknað inn fénaðarhús suður af bænum (sjá myndir 3 og 9).³⁴ Ekki sést til minja á staðnum.



Mynd 9. Útihús 005 stóðu beint í suður frá gamla bænum í Línnesihól. Horft til norðurs. Ljósm. SGB, sept. 2019.

³³ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 158

³⁴ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Hafnarnes 1918

Auðkennisnúmer: 2081:006

Staðsetning: A 683632.825 – N 425008.591

Sérheiti:

Tegund: heimild:

Hlutverk: útihús

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Samkvæmt túnakorti Hafnarness frá 1918 stóðu fénaðarhús ca 100 m suðvestur af bæjarhúsunum, við svonefndan Hvamm (sjá myndir 4 og 10).³⁵ Ekki sést til minja á staðnum.



Mynd 10. Við brekkuna Hvamm stóðu útihús samkv. túnakorti. Hér horft til suðurs yfir túnið þar sem húsin stóðu. Ljós. SGB, des. 2019.

Auðkennisnúmer: 2081:007

Staðsetning: A 683700.358 – N 425149.706

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: útihús

Aldur frá: 1885

Aldur til: 1997

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Samkvæmt Byggðasögu Hafnarness voru útihús áður út um tún eins og tíðkaðist áður fyrr.³⁶ Húsin voru síðar færð saman og voru austast í bæjarþorpi í Hafnarnesi. Frá 1940 og fram til 1996 stóðu þar síðast steinsteypt hús, fjárhús, fjós, hesthús og hlöður (sjá mynd 11).³⁷ Öll húsin voru rifin fyrir lok 20. aldar.



Mynd 11. Fjárhús, fjós og hlöður á bæjarstæði Hafnarness. Myndin er tekin á sjöunda áratug 20. aldar. Ljósmyndin er varðveitt í Héraðskjallasafni A-Skaftafellssýslu.

³⁵ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Hafnarnes 1918

³⁶ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157

³⁷ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 56

Lokaorð

Samtals voru 7 minjastaðir skráðir í þessari úttekt. Ekki sést lengur til minjanna og skráningin því byggð á heimildum. Því ætti ekki að stafa hætta af framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru samkvæmt deiliskipulagstillögu sem lögð var til grundvallar ofangreindri skráningu. Jörðin Hafnarnes á nær óslitna búsetusögu allt frá 14. öld og fram á þennan dag. Löng búsetusaga eykur líkur á að minjar geti leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði (fyrri bindi) Aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Bjarni Bjarnason (1976). Hafnarnes. Í *Byggðasaga Austur- Skaftafellssýslu, III. bindi* (bls. 153-161). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IX. bindi 1262-1536 (1909-1913). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi.

Johnsen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J.Johnsen.

Jón Þorkelsson (1918-20). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. I. Bindi (bls. 1-38). Reykjavík: Sögufélagið.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmyndagrunnur. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1981). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Þjóðskjalasafn Íslands. Stjórnarráð Íslands – II. skrifstofa-túnakort 0000-12 E- EC05. Sótt 10. 12. 2019 á: http://manntal.is/myndir/Tunakort/Skaftafellssysla/A-Skaftafellssysla/Nesjahreppur/Vefmyndir/Nesjahreppur_010.jpg

Þjóðskrá Íslands (2019). *Fasteignaskrá*. Sótt 10.12.2019 á: <https://www.skra.is/leit-i-fasteignaskra?heitinr=1070293&landnr=159558&streetname=Hafnarnes+&sveitarfelag=Sveitarfélagið+Hornafjörður>

Örnefnaskrá fyrir Hafnarnes, Stefán Einarsson skráði (1973). Heimildarmenn: Jón Ófeigsson f. 1918 og Ófeigur Jónsson, f. 1883. Lesið fyrir Bjarna Guðmundssyni, f. 1886. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.